

Ed.

818. Frumvarp til laga

[468. mál]

um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Óvissuástand hefur skapast um hverjar lagareglur gildi um hverjir hafi heimild til að aka farþegum gegn gjaldi þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi.

Í hæstaréttardómi frá 10. júní 1987 kemst meiri hluti dómara að þeirri niðurstöðu að ekki sé sannað í því máli að viðkomandi aðili hafi gerst brotlegur við gildandi lagaákvæði um þetta efni, en í því er notað orðalagið „að stunda leiguakstur“ sem ekki er talið sannað í því máli að hafi verið fyrir hendi. Minni hluti (tveir af fimm) kemst að þeirri niðurstöðu að með ákvæðinu sé lagt bann við því að aðrir bifreiðastjórar aki farþegum gegn gjaldi en þeir sem aka frá viðurkenndri fólksbifreiðastöð. Ætla má að sú túlkun lagareglna hafi verið ríkjandi skilningur á tilgangi lagasetningar um þetta efni undangengna áratugi. Enn fremur skal vísað til þess að í bréfi umferðarráðs til samgönguráðherra, dags. 22. des. sl. (sem einnig var sent dómsmálaráðherra), segir um notkun sendibifreiða til fólksflutninga: „Umferðarráð telur að flestir þeir sendibílar, sem notaðir hafa verið til almennra fólksflutninga hér á landi, séu af öryggisástæðum alls kostar óhæfir til slíkra flutninga.“

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið á vegum nefndar sem samgönguráðherra skipaði nýlega „til að kanna skipulag leigubifreiðaaksturs í þéttbýli og koma með tillögur um framtíðarskipan þeirra mála“. Nefndin telur að eigi vel að vera þurfi allitarleg könnun í ýmsum efnum að vera undanfari þeirrar tillögugerðar, en nokkuð brýnt sé að eyða því óvissuástandi sem ríkir um þetta efni og taka af tvímæli um lagareglur.